



Reykjavík, 25.9.2019

Til þess sem málið varðar

Samræmdur leiðarvísir um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í skóla- og frístundastarfi

Umsögn Fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar

Meðfylgjandi er umsögn Fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar en skv. eftirfarandi bókun frá fundi ráðsins þann 16.9.2019 var mér sem formaður ráðsins falið að senda þessa umsögn í nafni ráðsins:

Fjölmeningarráðið felur formanni að skila umsögn í nafni ráðsins á leiðarvísi um stuðning við móðurmál og virkt fjöltyngi í samræmi við umræðuna á fundinum.

Fjölmeningarráð telur það mikilvægt skref fyrir fjöltyngd börn og foreldra þeirra sem og skólasamfélagið í heild að slíkur leiðarvísir sé í boði og hafa margir kallað eftir stuðningi af þessu tagi. Virkt tvítyngi er mikill kostur sem ber að styðja og virða.

Hér er hægt að finna samantekt af hagnýtum leiðbeiningum og skýringum sem byggja á miklum þekkingargrunni og styðjast við rannsóknir og niðurstöður úr margvíslegum fræðigreinum. Sérstaklega ber hér að nefna eftirfarandi atriði:

1. Leiðarvísirinn inniheldur mikilvægar skilgreiningar sem styðja við umræðuna um málaflokkinn.
2. Í leiðarvísinum er rætt um fjölskyldutungumálastefnu sem hver fjölskylda fyrir sig ákveður. Hér er um mikilvæga en samt einfalda ábendingu að ræða, þar sem jafnvel þetta fyrsta skref, að fjölskyldan yfirleitt eigi þetta samtal og sé meðvituð um hvernig tungumálaumhverfið á að vera verður að teljast afar jákvætt.

3. Fjölmeningarráð tekur undir mikilvægi þess að einkunnir nemenda úr skipulagðri móðurmálskennslu, og þar með viðurkenning á því námi, eigi að koma fram á einkunnarspjaldi nemenda í skólanum.
4. Fjölmeningarráð bendir á að samkomulag þurfi að nást við viðkomandi skólayfirvöld um skyldu skólanna til að setja sér tungumálastefnu. Hér þarf að finna leið til þess að gefa hverjum skóla eignarhald á sinni stefnu en samt þarf að nýta miðlægða sérþekkingu innan málaflokksins.
5. Að lokum vill Fjölmeningarráðið benda á að gott væri að taka einnig tillit til mikilvægi endur- og símenntunar starfsfólks í skólakerfinu innan þessa málaflokks og einnig að þó að nýjar námsleiðir séu nú til staðar í kennaranáminu er fjölmeningarlegt skólaumhverfi ennþá hvergi skyldufag fyrir kennara. Það verður að teljast ábótavant því allir skólar á Íslandi eru í dag fjölmeningarskólar.
6. Einnig væri gott að hafa í huga hvers konar eftirfylgni leiðarvísirinn mun fá og hvernig upplýsingarmiðlun um efni hans verður háttað.

Þetta plagg er afar vel unnið og setur fram mikilvægasta leiðarljósið sem er að allir eigi að bera virðingu fyrir tungumáli annara og tekur Fjölmeningarráðið heilshugar undir þetta.

Virðingarfyllst,

f.h. Fjölmeningarráðs Reykjavíkurborgar

Sabine Leskopf

Formaður